Öreigar og kúgaðar þjóðir heims sameinist!

Stéttabaráttan

Málgagn Kommúnistaflokks íslands/Marxista-Lenínista




STÉTTABARÁTTAN VIKUBLAÐ MÁLSVARI VERKAFÓLKS!

Ársáskrift .... 3000kr.
Hálfsársáskrift......... 1800kr.
Ársfjórðungsáskrift.... 1000kr.
Baráttuáskrift (gildir fyrir heilt ár).......... 5000kr.

25. tölublað | þriðjudag 5. júlí | 6. árgangur | Verð kr. 60.

Stöðvum flotann



Undanfarið hafa staðið yfir samningaviðræður milli útgerðarmanna og sjómanna. Enn hefur þó ekkert gengið saman. að því að sagt er. Núverandi sambandsstjórn SSÍ hefur því miður haldið inn á sömu vafasömu brautina og forverar hennar voru á, þ.e. að halda öllu upplýsingastreymi til starfandi sjómanna í lágmarki. Meðan stéttarandstæðingurinn er óspar á yfirlýsingar og "fréttir" í fjölmiðlum um gífurlegar tekjur sjómanna og heimtufrekju, heyrist varla hósti né stuna frá forsvarsmönnum sjómanna. Þrjú hundruð þúsund króna framlag Sjómannasambandsþingsins til útgáfustarfsemi liggur enn ósnert í skúffu formannsins. Fyrir þetta fé mætti prenta fjölda einblöðunga, sem hengdir yrðu upp á kaffistofum, skrifstofum félaganna og einnig í messanum í borð í skipunum. Sjómenn yrðu þá ekki aðeins betur meðvitaðir um framvindu samningaviðræðnanna heldur myndu samtökin öll styrkjast, og minni líkur væru á að einstaka félög hlypu undan merkjum er á reyndi.
En sambandsstjórnin virðist hugsa um það eitt að halda friðinn og styggja nú engan foringja. Það má jafnvel ekki stugga við margafhjúpuðum stéttsvikurum í forystuliðinu. - Slík sýndarmennska glepur engan, allra síst stéttarandstæðinginn.

Kröfurnar

Sjálfar kjarakröfurnar, sem nú eru ræddar bakvið luktar dyr eru í meginatriðum þríþættar.

Í fyrsta lagi: Fjölgun tryggingatímabila úr þremur í tólf á ári.

Í öðru lagi: Skiptaprósentan verði sú sama og hún var fyrir 6. sept lög Matthíasar.

Í þriðja lagi: Minniháttar tilfærslur og lagfæringar á eldri samningum s.s. auknar greiðslur í styrktar- sjúkra- og orlofsheimilasjóð. Auk þess að greiðslur í stofnfjársjóð fiskiskipa verði lagðar niður í áföngum næstu þrjú árin.

Fjölgun tryggingartímabila er brýn nauðsyn, sér í lagi á bátaflotanum. Útgerðarmenn standa hins vegar harðir gegn þessarri kröfu. Þeir vilja viðhalda þeirri bábilju, að hagsmunir útgerðar og sjómanna fari saman. Að báðir aðilar hagnist ef vel veiðist, en tapi hins vegar ef illa gengur. Það er hins vegar reynsla sjómanna, að þegar vel árar í útgerðinni stóraukast undirborðsgreiðslur framhjá skiptum en þegar illa árar hleðst upp sjóðakerfi, sem rýrir mjög umsaminn hlut sjómanna. Sjómenn eiga því enga samleið með útgerðarmönnum í þessu efni og því síður er nein ástæða til þess að þeir axli byrðar útgerðarinnar.

Sjómannasamtökin munu hafa reiknað út hversu mikill kostnaðarauki það yrði útgerðinni, ef krafan um styttingu kauptryggingartímabilsins næði fram að ganga. Það varð þó að samkomulagi milli þeirra og útvegsmanna að láta hina "hlutlausu" Þjóðhagsstofnun meta kostnaðinn af þessarri breytingu. Er það vægast sagt furðulegt að stjórn sjómannasamtakanna skuli gangast inná að fela þessarri stofnun jafnveigamikið mál, eins og henni var beitt gegn sjómönnum er sjóðakerfið var skorið niður hér um árið. Þar beittu Jón Sigurðsson og hans menn öllum sínum reikningskúnstum til að fela kolrangar forsendur, sem síðan voru lagðar til grundvallar í öllum samningaviðræðunum.

Mál sem tengist mjög þessarri kröfu eru skilvísar greiðslur launa. Þó svo að það sé samningsbundið að sjómenn geti fengið greitt sem nemi tryggingu á hverjum tíma, er mikill misbrestur á efndunum. Oft þurfa sjómenn að bíða svo mánuðum og jafnvel árum skiptir eftir því að lokauppgjör fáist. Það væri e.t.v jafnverðugt verkefni fyrir Þjóðhagsstofnun að kanna hversu mikill kostnaður sjómannsheimila er af slíku fyrirkomulagi og hversu háar vaxtatekjur það eru, sem útgerðarmenn hafa þannig stolið af sjómönnum.

Sjómannasamtökin verða að setja fram þá kröfu, að útgerðarmenn setji veð á fyrsta veðrétti í bátunum fyrir skilvísum greiðslum. Þau verða einnig að stöðva bátana ef útgerðin stendur ekki í skilum. Þá verða samtökin einnig að vera vakandi fyrir því að bátar séu ekki seldir áður en uppgjör fæst.

Styrkari samtök nauðsyn

Til þess að geta leitt til sigurs baráttu fyrir hagsmunum og málstað sjómanna verða sjómannasamtökin að breytast og styrkjast til muna. Styrking samtakanna næst aldrei fram með því einu að byggja upp friðsamlega sambúð milli smákónga í verkalýðshreyfingunni, heldur aðeins með því að treysta á fjöldann. Styrkurinn felst aðeins í virkri hreyfingu og meðvitund allra starfandi sjómanna. Málgagn samtakanna yrði vissulega mikilvægur áfangi á þeirri leið.

Það skyldi þó ekki vera að þar lægi skýringin á drættinum

Áróður útgerðarmanna

Kristján Ragnarsson og félagar hans í LÍU halda því stöðugt á lofti, að sérkröfur sjómanna gangi allar útá það að

Framhald á síðu 3.

MEÐAL EFNIS:

Alþýðulistin sækir fram.

Vinnuslysum fjölgar stöðugt.

Skrifað frá Kína.

Hvor ber meira úr býtum ?

Mótmæli í Uppsölum.

ÍSAL-samningarnir samþykktir

Samningar hlutaðeigandi verkalýðsfélaganna við ÍSAL voru bornir fyrir félagsfundi í seinustu viku og voru samþykktir af þeim öllum. Þó var munurinn á þeim sem greiddu atkvæði með samningunum og þeim sem greiddu atkvæði á móti minni en almennt var á almennum vinnumarkaði.
Verkamannafélagið Hlíf semur fyrir alla ófaglærða verkamenn í álverinu, sem eru um 300 talsins, en það mun vera um helmingur allra starfsmanna við álverið. Á fundi, sem Hlíf hélt 29.6. greiddu 108 atkvæði með samningunum, en 53 voru á móti. Til samanburðar voru aðeins 14, sem greiddu atkvæði á móti samningum hjá Dagsbrún af um 300, sem mættu á fundinn.
Þrátt fyrir að munurinn sé minni hjá Ísal fóru verkamenn þar betur út úr þessum samningum en aðrir þar sem prósentuhlutfallið er látið gilda á launaflokkana en ekki krónutalan. Tveggja vikna laun miðað við 3ja ára starfsaldur hækka á bilinu frá 11.247 kr. í 16.262 kr. og séu vaktaálag á þrískiptum vöktum og ferðapeningar, sem hvorttveggja er prósenta af launum, tekin með, hækka laun mest í 19.629 kr. á tveim vikum.

En hver er þá ástæðan fyrir því, að hlutfallslega fleiri eru á móti samningunum við Ísal en annars staðar, þó kauphækkunin sé meiri? Fyrir því geta verið ýmsar ástæður. Talsverð óánægja var, að sérkröfur náðu ekki fram að ganga hjá ýmsum deildum, einkum voru það dagvinnumenn, sem greiddu atkvæði á móti, en þeir báru minna úr býtum en vaktavinnumenn. Aðalástæðan mun þó vera sú, að ASÍ-forystan hefur hagað svo " baráttuaðferðum " sínum, að þær hafa beinlínis orðið til að þreyta verkamenn og draga úr þeim allan baráttuvilja. Verkamenn hjá álverinu hafa aftur á móti verið betur undir baráttuna búnir en aðrir þar sem þeir hafa ekki þurft að fórna eins miklu í kjarabaráttunni og samninganefndin í álverinu er að stórum hluta skipuð verkamönnum á staðnum, sem náttúrulega eru í betri tengslum við starfsfélaga sína heldur en embættismennirnir hjá ASÍ.

Verja hvað?

Nýlega skilaði nefnd á vegum Bandaríkjaþings, ályktun um "varnir" Bandaríkjanna á Norður-Atlantshafi. Þar segir m.a. að "varnir" Bandaríkjanna á þessu svæði væru allsendis ófullnægjandi og gætu ekki hrundið árás Sovétríkjanna. Eftirlits- og herstöðin á Íslandi gæti ekki varið Bandaríkin fyrir árás Sovétríkjanna.
Athugið orðalagið. Þarna eru menn ekki að ljúga, eins og léttadrengir þeirra á Íslandi. Þeir hafa áhyggjur af "vörnum á Íslandi" vegna hættu á árás á þá sjálfa. Herinn er að sjálfsögðu ekki til varnar Íslandi heldur fyrst og fremst Bandaríkjunum og svo að sjálfsögðu er hann baktrygging valda íslensku borgarastéttarinnar.
Þeir einu, sem geta varið Ísland eru Íslendingar sjálfir. Að vísu ekki undir forystu auðvaldsins, því það selur sjálfstæðið ef það fær auð í hönd. Það er einungis á færi vopnaðs verkalýðs og vinnandi alþýðu. Heimsvaldarríki taka aldrei að sér "varnir" annarra ríkja, herstöðvar þeirra eru alltaf settar upp til að stækka áhrifasvæði þeirra sjálfra.

LEIÐARI:

Mútur eða fyrirgreiðsla?

Umræður um sukk stjórnvalda hafa farið vaxandi undanfarið ár. Þessar umræður jukust til muna eftir að síðdegisblöðin opnuðu blöð sín til almennrar umræðu um þessi og önnur mál sem almenningur hefur rætt sín á milli. Í þessum greinum hefur oft verið bent á stórkostlegt misferli opinberra embættismanna og opinberra stofnana Flestir ráðherrar í núverandi ríkisstjórn eru á einn eða annan hátt tengdir þeim skuggahliðum dómsmála og fjármála, sem mest hafa verið til umræðu. Dómsmálaráðherra hefur hvað eftir annað stöðvað rannsókn og málshöfðun á hendur einum flokksbróður sínum. Þessi flokksbróðir hans skuldar bæði skatta og önnur gjöld 8 ár aftur í tímann og er auk þess tengdur öðrum vafasömum viðskiptum. En í stað greiðans hefur hann verið óspar á fé í sjóði flokks dómsmálaráðherra. Fólk spyr sig því, hvort það nægi að vera örlátur á fé í sjóði stjórnmálaflokkanna til að eiga vísan stuðning þeirra, þegar komast þarf hjá skattgreiðslum eða ef þörf er á annarri aðstoð.

Utanríkisráðherra hefur einnig tekið þátt í slíkri fyrirgreiðslu og nýlega stöðvaði hann lögreglu rannsókn á frægum fjármálabraskara. Auk þess eru fjöldamörg mál sem tengjast þessum ráðherrum og fleirum t.d. svokallað Grjótjötunsmál, húsakaup tveggja ráðherra, þar sem annar fékk einstaka fyrir greiðslu á bankaláni, en hinn keypti hús af stórfyrirtæki á verði sem var langt undir söluverðmæti þess, um leið var ráðherrann að afgreiða umsókn fyrirtækisins um stækkun þess. Það væri hægt að gera þennan lista mun lengri og fólk spyr sig nú æ oftar hver er munurinn á fyrirgreiðslum og mútum. Eru það ekki mútur þegar opinberir embættismenn fá fé eða boð um ferðalög til útlanda um leið og verið er að afgreiða mál viðkomandi einstaklinga eða fyrirtækja hjá opinberum stofnunum? Er það t.d. ekki í hæsta máta óeðlilegt að "forsætisráðherrann skuli vera einn stærsti kapitalistinn á Íslandi" eins og segir nýlega í danska blaðinu Dagens Nyheter.

Niðurstaða okkar hlýtur að vera að þetta sé ekki **bara** óeðlilegt eða einstakt heldur sýnir þetta hversu ríkisvald kapitalismans er gjörspillt og rotið. "Fyrirgreiðslur" öðru nafni mútur eru eitt helsta einkenni embættismanna kapitalismans. Ríkisvaldið í kapitalismanum er tengt auðmönnum bæði beint og óbeint ótal þráðum. Það þarf því engan að undra þá spillingu og skipulagsleysi sem einkennir fjármálalíf þjóðarinnar. Spilling og skipulagsleysi er aðaleinkenni kapitalismans. Það á ekki aðeins við um kapitalisku framleiðsluna, það nær einnig til yfirbyggingar auðvaldsframleiðslunnar, ríkisins. Barátta alþýðunnar gegn auðherrunum beinist því líka gegn ríkisvaldi þeirra. Fólki er í auknum mæli að verða það ljóst, að það er engin tilviljun, að jafnframt því sem verkafólk er skattpínt, eru meira en 500 fyrirtæki skattlaus og auðvitað öll þau stærstu. Eftir því sem vinnandi fólki verður þessi staðreynd ljósari verður baráttan gegn kauplækkunum og skattpíningum markvissari.

Það verður því í auknum mæli að tengja þessi mál saman svo sem flestum verði ljós nauðsyn þess að um leið og við krefjumst þess að skattar verði afnumdir af launum verkalýðsins, verðum við að krefjast þess að auðmennirnir verði skattlagðir.

Þegar við krefjumst hærri launa svo dagvinnan nægi til framfærslu verðum við jafnframt að krefjast þess að ríkisvald auðherranna taki ekki kauphækkunina aftur með aukinni skattpíningu eða verðbólgu.

Tæki okkar til að heyja þessa baráttu eru fyrst og fremst verkalýðsfélögin. Það er því ljóst að ef verkafólk á að geta notað þessi baráttutæki sín á áhrifaríkan hátt verður að losa þau við þá forystu sem er bæði beint og óbeint á jötu hjá ríkisvaldinu. Ef það ekki tekst verður baráttan bæði löng og óþarflega erfið fyrir hinn vinnandi fjölda.

Hvor ber meira úr býtum?

Framhald af baksíðu

ir 10 daga veiðiferð. Vonandi er frétt þessi sönn, því kjör austfirskra togarasjómanna mættu batna til muna. Einnig á Hólmanesinu, en hásetar á honum höfðu í fyrra hæstu árslaun allra austfirskra togarasjómanna, og næsthæsta tímakaupið eða 670 kr. (Sbr. Stéttabaráttan nr. 23. 1977). Upp á slík kjör myndi örugglega enginn fasteignasali reka starfssemi sína Tilgangur slíkra frétta er eingöngu sá að reyna að sá sundrungu meðal verkafólks, ekki síst á tímum eins og núna, þegar sjómenn eiga í kjaradeilu við útgerðarmenn.

Hið hjákátlega við fréttaflutning Dagblaðsins af þessum tveimur atburðum, þ.e. uppgripum bæði á miðunum og á fasteignamarkaðnum, er að uppsetjár blaðsins hafa ekki verið nægilega "meðvitaðir" um tilgang fréttanna og því skellt þeim hlið við hlið í blaðið. Sú spurning hlýtur því óhjákvæmilega að vakna hjá lesendum hverjar tekjur fasteignasalans hafi orðið. Jú, ef gengið er út frá að meðalverð íbúðanna hafi verið 10 milljónir (þær kostuðu skv. fréttinni frá 7.5-13 millj.) og ef við gerum einnig ráð fyrir að þessi fasteignasali hafi verið einn um hituna. (en þá fær hann aðeins 1% í stað 2% ef íbúðin er á skrá hjá fleirum) Þá verða "daglaun" hans fyrir 6 tíma vinnu 1.4 milljónir. Þannig hefði Dagblaðið, sem er svo ötult við að færa okkur fregnir af svimandi háum aflahlut sjómanna, einnig getað reiknað og sagt frá í fréttinni, ef það væri eins frjálst og óháð eignamönnum og borgarastétt þessa lands og það vil vera láta.

Mótmæli í Uppsölum

Í tilefni af þjóðhátíðardeginum bauð sendiherra Íslands í Stokkhólmi til hanastéls þann 17. Júní sl. Nokkrir íslendingar í Uppsölum tóku sig saman vegna þessa og höfu innsöfnun boðskorta í því skyni að endursenda þau og afþakka boðið.

Ástæðan var sú að þeir töldu sig ekki geta haldið þjóðhátíðardaginn hátíðlegan með fulltrúum þeirrar auðvaldsstjórnar, sem á Íslandi situr. Um 40 manns af u.þ.b. 50 sem leitað var til endursendu boðskort sín. Eftirfarandi bréf var sent með hinum endursendu boðskortum:

Uppsala. 12.6. 1977.
Sendiherra Íslands
Guðmundur Í. Guðmundsson
Kungsvägen 16
Stocksund

Hér með endursendum við boðskort þau sem við höfum fengið í tilefni 17. júní, og væntum þess að fá að sleppa við sambærilegar sendingar í framtíðinni.

Við teljum okkur ekki geta setið boð með fulltrúum þess ríkisvalds sem afneitar jafnrétti til náms, lífvænlegum launum fyrir 8 stunda vinnudag, og sem þráfaldlega hefur sýnt sig fjandsamlega baráttu verkalýðsins fyrir réttlátu samfélagi

Virðingarfyllst.
Nokkrir Íslendingar
í Uppsölum

Fréttatilkynning þessi er send öllum fjölmiðlum á Íslandi og flestum deildum Síne.

HVERNIG KEMST ÞÚ Í SAMBAND VIÐ KOMMÚNISTAFLOKK ÍSLANDS/ML?

Miðstjórn og ritstjórn Stéttabaráttunnar: sími 27810 og pósthólf 1357, 121R. einnig í Rauðu Stjörnunni bókabúð, Lindargötu 15. Opin mánud. til föstud. kl. 15:00 - 18:30.

Hafnarfjörður: Fjóla Rögnvalds Reykjavíkurvegi 24.

Akureyri: Jón Atli Játvarðsson Hafnarstræti 23.
Snæfellsnes: Sigfús Almarsson Hellisbraut 10, Hellissandi.
Ísafjörður: Kristinn Karlsson Fjarðastræti 7.
Neskaupsstaður: Messíana Tómasdóttir, Þiljuvöllum 38.
Suðurnes: Einar Jónsson Sólvallagötu 40c, Keflavík.

Framhald af baksíðu

Erni Ólafssyni svarað!

hefur verið stefnt gegn USA-heimsvaldastefnunni s.s. í Víetnamhreyfingunni, SHA, málum Suður-Afríku o.s.frv. Málið er það að m-larar berjast gegn heimsvaldastefnunni hvar sem hún birtist hvort sem það er dönsk kúgun á Grænlandi, bandarískt arðrán í S-Ameríku eða sovésk íhlutun í Angóla og Austur-Evrópu.

Við styðjum allar framsæknar frelsishreyfingar og það fer náttúrulega eftir aðstæðunum í hverju landi hver höfuðóvinurinn er.

Örn og co. höfnuðu grundvelli sem fæli í sér baráttu gegn allri heimsvaldastefnu hvaða nafni sem hún nefndist. Orsökin fyrir þessari afstöðu þeirra er líklegast sú að koma átti í veg fyrir að skoðanir m-lara fengju að birtast og að sovéska risaveldið ("verkalýðsríkið" skv. þeirra tungutaki) yrði afhjúpað í útþensluáætlunum sínum.

Okkar afstaða er hinsvegar sú að almennri and-heimsvaldasinnaðri hreyfingu beri skylda til að berjast gegn heimsvaldastefnunni hvar sem hún kemur fram, jafnvel þótt hún sé sovésk. Það er ekki skoðun Arnar og ber að kanna það fyrir hans hönd.

Óbeinn stuðningur við Sovét.

Erni formanni verður á furðuleg skyssa þegar hann setur samasem merki milli Víetnamnefndarinnar og Bgh og segir að ósamræmi sé í afstöðu okkar ml-ara til þessa 2ja hreyfinga. Formaðurinn hlýtur að vita að Víetnamnefndin var fyrst og síðast stuðningshreyfing við alþýðu Indókína í stríðinu við ameríska impeíalismann. Starfsgrundvöllur hennar var afmarkaður á sama hátt og Palestínunefndin starfar eingöngu að Palestínumálinu. KFÍ/M-L og KSML áður, studdi Víetnamnefndina á þeim grunvelli að í Víetnam var höfuðóvinurinn bandaríska heimsvaldastefnan. Það segir hinsvegar ekkert um hvert ástandið er á heimsmælikvarða. Grundvöllur BgH er hinsvegar annars eðlis þar sem hann er sagður byggjast á „almennri" baráttu gegn öllum birtingarmyndum heimsvaldastefnunnar. Okkur þykir ljóst að slík hreyfing sé beinlínis skaðleg fyrir and-heimsvaldasinnuðu baráttuna ef hún metur ástandið í heiminum kolrangt og lítur jafnvel á risaveldið í austri sem „verkalýðsríki".

Örn formaður segist vona okkar vegna að við breytum afstöðu okkar til BgH. Ég held hinsvegar að við ættum öll að sameinast um að hjálpa Erni af villu síns vegar. Því það er hrein hörmung að sjá jafn atorkusaman mann eyða kröftum í jafn vonlaust fyrirtæki og það er, að halda uppi 10-15 manna stuðningdeild við stefnu sem er hafnað af strýðandi alþýðu um allan heim.



ÚR BARÁTTUNNI

KRANAMENN.

Kranamenn sem eru í Dagsbrún, hafa staðið í miklu stappi við atvinnurekendur sína og forystumenn Dagsbrúnar. Þetta er tiltölulega fámennur hópur, innan við 40 og eiga tveir að vinna saman á hverjum krana. Það eru atvinnurekendur ekki ánægðir með og í vetur gáfu þeir út leyniplagg sem gekk þeirra á milli. Þar átti að koma á samstöðu þeirra gegn kranamönnum, og taka skyldi mikilvæg réttindi af þeim. Verkamenn komust yfir plaggið og dreifðu því í fjölriti til allra kranamanna og forystumanna Dagsbrúnar. Hjá mörgum kranafyrirtækjum eins og t.d. Lyfti h/f hafa verkamenn ekki kaffistofu, enda verða þeir oft að sleppa kaffitímum og þeir fá ekki skaffaða vinnugalla þegar þeir eru að gera við bilanir þrátt fyrir að það sé fyrir utan þeirra starfssvið. Oft kemur það fyrir að aðeins er einn maður á krana við stanslausar hífingar allan daginn. Þetta er ábyrgðarmikið starf sem krefst mikillar einbeitingar til að ekki hljótist slys af. Þegar einn maður er á krana hafa atvinnurekendur greitt eitt og hálft kaup, þrátt fyrir að tveir menn eigi að vera í starfinu samkvæmt samningum. Þessar eru hellstu ástæðurnar fyrirþví að ekki er búið að semja um sérkröfur þessa hóps Dagsbrúnarmanna. Dagsbrúnarstjórnin hefur látið þessi mál reka á reiðanum um áraraðir og reynt að sundra samstöðunni. Þannig fá kranamenn á hafnarkrönum 150 krónum hærra kaup en þeir sem vinna í byggingariðnaðinum. Þetta hefur orðið til þess að hugmyndir hafa komið upp í hópi þessara verkamanna um að kljúfa sig út úr Dagsbrún með stofnun sérstaks félags. Þessi lausn vegur ekki að rótum meinsins sem er þjónkun Dagsbrúnarstjórnarinnar við atvinnurekendur og klofningsstarf þeirra innan raða kranamanna. Lausnin á vandamálum þessa hóps er fyrst og fremst fólgin í því að fella núverandi ráðamenn í Dagsbrún, og gera verkalýðsfélagið að vopni hagsmuna og réttindabaráttu okkar.



... í stuttu máli

Brésneff í París.

Meðan sovésku heimsvaldasinnarnir undirbúa stríð gegn þjóðum Afríku reyna þeir eftir megni að fá önnur ríki til afvopnunar. Þannig lagði Brésneff ríka áherslu á það við forseta Frakklands að frakkar tækju meiri þátt í afvopnun.

Bandaríkin og Sovétríkin leika þann leik að fá önnur ríki til að afvopnast en auka vopnabúnað sinn á meðan. Þannig var ætlun þeirra upphaflega að búa einir að kjarnorkuvopnum og banna öðrum ríkjum að eignast þau, til að þau hefðu yfirburði yfir aðrar þjóðir. Þetta er sami leikur og Hitler lék með alkunnum afleiðingum, friðarhjal hans blekktir leiðtoga evrópuríkja sem urðu óundirbúin árásum nasistaherjanna. Brésneff hafði ekki érindi sem erfiði, því Frakkland, reynslunni ríkara af hruni hersins í seinni heimsstyrjöldinni, byggir upp varnir sínar sjálft.

(BYGGT Á HSINHUA)

Alþýðulistin sækir fram

Það er auðvitað kunnara en frá þurfi að segja, að menning og listir almennt þjóna annað hvort auðvaldinu eða vinnandi alþýðu, túlka annað hvort viðhorf og hagsmuni auðstéttarinnar eða hagsmuni og sjónarmið hins vinnandi fjölda. Þar sem borgarastéttin er hið ráðandi afl í íslensku þjóðfélagi á alþýðumenning og alþýðulist yfirleitt í vök að verjast. Bóka- og hljómplötuútgáfufyrirtæki eru fyrst og fremst gróðalindir fyrir eigendurna, sömuleiðis leik- og kvikmyndahús, og hljóðvarp og sjónvarp keppast við að bera á borð fyrir neytendur útþynnt og sljóvgandi efni við hæfi ríkjandi stéttar. Menning og listir kennd við sósíalisma og verkalýðshreyfingu eru því hornreka hjá þessum aðilum.

Vinstrisinnað listafólk og áhugafólk um alþýðulistir hefur því á allra síðustu árum farið æ meir út í þá sálma að stofna eigin félagsskap eða gefa út á eigin kostnað. Þekktastur slíkra félagsskapa og hvað virkastur er vafalaust Alþýðuleikhúsið, en áður var hópur þessi starfandi hjá Leikfélagi Akureyrar. Alþýðuleikhúsið er ekki stofnun á borð við Iðnó eða Þjóðleikhúsið, leikhópurinn fer með sýningar sínar vítt og breitt um landið.

Alþýðumenning nefnast samtök sem stofnuð voru í haust er leið og eru samfylking um alþýðumenningu. Markmið þessarar samfylkingar eru m.a. að varðveita, endurvekja og efla alþýðumenningu á Íslandi, að sýna fram á, að raunveruleg alþýðumenning er sprottin úr daglegu lífi fólksins, að leggja rækt við framsækna alþýðumenningu, sem er liður í baráttu fólks fyrir bættum lífskjörum og jafnrétti og síðast en ekki síst, að stuðla að aukinni þekkingu fólksins á þjóðfélaginu þannig að það verði meðvitaðra um stöðu sína í því og um raunhæfar baráttuleiðir til að skapa þjóðfélag við sitt hæfi. Innan Alþýðumenningar eru ýmsir hópar, t.d. einn, sem þýtt hefur bók úr dönsku og gefið nafnið Kapítalismi, sósíalismi, kommúnismi, nokkurs konar kennslubók í marxískum fræðum og annar hópur, sem myndað hefur kór Alþýðumenningar.

Í vetur var sett á laggirnar róttækt útgáfufyrirtæki, Gagn og gaman, sem hyggst annast útgáfu og dreifingu róttækrar listar, en einkum og sér í lagi hljómlistar. Gagn og gaman hefur nú gefið út sína fyrstu hljómplötu, Kvöldfréttir, sem vakið hefur talsverða athygli. Á plötu þessari syngur Olga Guðrún Árnadóttir lög og ljóð eftir Ólaf Hauk Símonarson, en Karl Sighvatsson sá um útsetningarnar. Þarna sameinast þrír ágætir listamenn svo úr verður mjög vönduð plata.

Það er ekki meiningin að fara að skrifa hér hljómplötugagnrýni látum aðra um slíkt - en rétt er þó að vekja sérstaka athygli á kvöldfréttum Olgu og Ólafs, því plata þessi er eins og ósvikinn gimsteinn innan um allt pop-garganið og farganið, sem hljómar í eyrum manns dag hvern. Á plötunni er t.d. að finna frábært lag og frábæran texta um Chileanska byltingarskáldið og söngvarann Victor Jara, sem fasistastjórnin í Chile lét myrða, er hún komst til valda í sept. ´73. Ég get ekki látið hjá líða að birta hér brot úr textanum:

Dufþakur

" Þú áttir vopn sem verjast
enginn kann vonglaðan söng
um uppreisn hinna hrjáðu þú
hæfðir beint í hjarta sérhvern
mann hel yfir þá ríku en líf til
þeirra smáðu ".

En það er líka brugðið svolítið á leik, sbr. lagið um byltinguna sem byrjaði á Akureyri og byltingarforinginn var prestur:

" Hann tætti hempuna og táknið
af sér með talandi hætti og
bauð fólki dús og allir gengu í
alþýðuher sem yfirtók KEA og
Davíðshús ".

Það er óhætt að segja, að menning og listir, sem standa í þjónustu alþýðunnar séu í sókn á Íslandi. Orsakir þess eru vissulega harðnandi stéttaátök og vaxandi áhugi fyrir sósíalisma. Listin er líka bráðnauðsynlegt vopn í verkalýðsbaráttunni - eða eins og Mao Tsetung komst að orði: " Listir og bókmenntir verkalýðsins eru hluti af hinni byltingarsinnuðu heildarbaráttu verkalýðsins ".

DUFÞAKUR.

Ragnar Baldursson skrifar frá Kína

5. bindi úrvalsrita Maós

Þann 15. apríl mátti sjá langar biðraðir fólks fyrir utan bókabúðir um allt Kína. Hvarvegna. í borgum jafnt sem sveitum. verksmiðjum, samyrkjubúum. skólastofnunum, veitingahúsum, íbúðarhúsum, allsstaðar gaf að líta borða og veggblöð með áletrunum og vígorðum sem fögnuðu útgáfu fimmta bindis verka Maós. Alþýða Kínaveldis fagnaði útgáfu þess. Verkamenn, bændur, hermenn settu upp leikþætti, dansa, drógu upp myndir og sömdu smásögur fyrir Kínverska alþýðu. Alls staðar voru skipulagðir námshópar og umræður um fimmta bindið og eru þeir enn starfandi.

Hvernig stendur á því að Kínverjar leggja slíka áherslu á nám á verkum Maós formanns og þá sér í lagi hið fimmta bindi núna? Í 1.-4.b. úrvalsrita Maós er safnað saman mikilvægustu leiðbeiningum formannsins í frelsisstríðinu, þ.e. á tímabili hinnar ný-lýðræðislegu byltingar. Maó dregur þar upp reynslu kínversku byltingarbaráttunnar og beitir marx-lenínismanum við Kínverskar aðstæður. Hann þróar áfram kenningar marx--lenínismans um baráttuna í nýlendunum og hálfnýlendum, dregur upp stjórnlist baráttunnar og setur fram kenninguna um hina nýlýðræðislegu byltingu. Enn fremur dregur hann saman og þróar áfram kenningar marx-lenínismans um lögmál þekkingar og þróunar í greinum sínum „UM: Starfið" og „Um Móthverfurnar".

Eftir stofnun alþýðulýðveldisins Kína þá tengir Mao almennan sannleika marx-lenínismans kínverskri byltingarbaráttu og hlutveruleika. Hann leiddi hina kínversku alþýðu og flokk kínverskra öreiga í sósíalískri byltingu og sósíalískri uppbyggingu. Hann var leiðandi í baráttuni gegn allra handa hentistefnu og endurskoðunarstefnu, jafnt innan lands sem á alþjóða mælikvarða. Í fimmta bindi úrvalsrita hans og síðari bindum, enn óútkomnum, dregur hann saman reynslu baráttunnar á tímabili sósíalískrar byltingar og uppbyggingar.

Í inngangi að 5. bindi úrvalsrita Maós segir m.a:


"Stærsta framlag félaga Maó Tse Tungs á fræðilega sviðinu á þessu tímaskeiði, er fólgið í því að draga saman á kerfisbundinn hátt sögulega reynslu alræðis öreiganna í landi voru og alþjóðlega. Hann beitir grundvallar lögmáli díalektíkurinnar, einingu andstæðnanna, til að skilgreina þjóðfélagsmóthverfur stéttir og stéttabaráttu innan sósíalismans og setur fram kenninguna um áframhaldandi byltingu undir alræði öreiganna. Á sviði heimspeki, pólítískrar hagfræði og vísindalegs sósíalisma hefur þessi nýja kenning, nýja niðurstaða um öreigabyltinguna og alræði öreiganna, stórauðgað fjársjóði marx- lenínískrar fræðikenningar. Hún bendir ekki skýrt á grundvallarleiðina fyrir alþýðu lands vors að styrkingu alræðis öreiganna, varnarbaráttu gegn endurreisn kapítalismans og leiðina að uppbyggingu sósíalismans, heldur hefur hún stórkostlega djúpstætt mikilvægi á heimsmælihvarða".
(úr inngangi að útgáfu 5. bindis verka Maós)

Kenningar félaga Maó Tse Tung hafa ómetanlegt og ódauðlegt gildi því að marx-leninism inn á núverandi tímaskeiði frelsisbaráttu nýlendnanna og baráttu gegn nútíma endurskoðunarstefnu og sósíalheimsvaldastefnu fyrir styrkingu alræðisöreiganna er einmitt kenningar Maó Tse Tungs. Því er það að marx-lenínistar um allan heim fagna útgáfu fimmta bindis úrvalsrita félaga Maó Tse Tungs.

Lengi lifi Marx- Lenínisminnkenningar Maó Tse Tungs.

Peking 24/6 ´77
RE.


Ragnar Baldursson




Fimmta bindi Maó Tse Tung, sem komið er út á kínversku, er numið í Kína.



...í Stuttu máli

Mótmæli gegn nýju tsörunum í Sovétríkjunum.

Sovéskar herdeildir og lögregla réðust harkalega gegn mótmælaaðgerðum stúdenta í eistlensku borginni Tartu í des. sl. Stúdentarnir mótmæltu hinni fasisku stjórn nýju tsaranna í Kreml. Fréttir um þetta bárust nýlega.

Í háskólanum í Tartu og eistneska búnaðarháskólanum þar, stóð til að halda einhverskonar umræðu - og skemmtikvöld. Sovésk yfirvöld bönnuðu fundinn vegna þess að dagskrá hans var, " pólitískt rangsnúin og villandi og sendu lögreglu og herflutningabíla á vettvang. Afskiptasemi sovésku yfirvaldanna vakti mikla reiði meðal stúdentanna og þeir skipulögðu mótmælaaðgerðir. Fjöldi fólks bættist í gönguna, stökk út um glugga húsa sem lögreglan hafði umkringt og út úr byggingum á gönguleiðinni gullu við hvatningaorð. Mótmælendur kröfðust lýðræðislegra mannréttinda og mótmæltu kúgun þjóðernisminnihlutanna. Þegar gangan fór framhjá höfuðstöðvum KGB í borginni var hrópað: Burt með KGB!

Mótmælaaðgerðirnar stóðu í 2 og hálfan tíma og ollu mikilli hræðslu meðal yfirvalda. KGB-menn voru sendir frá Tallin í sérstökum flugvélum og hersveitum var skipað í viðbragðsstöðu.

Allar götur að ráðhústorgi borgarinnar voru krökkar af lögregluþjónum og herflutningavögnum. Meira að segja slökkviliðið var kvatt á vettvang.

Nokkrir stúdentanna voru barðir af lögreglunni og handteknir. Þetta sýnir okkur að andstaðan gegn sovésku stjórninni vex, hún kemur ekki aðeins fram í andófi einstaklinga heldur og í fjöldaaðgerðum og beinist nú í ríkari mæli gegn fasísku ógnarstjórninni.
(Byggt á Hsinhua).

Stúdentar í S-Afríku krefjast þess að félagar þeirra verði látnir lausir.

Þann 23. júní sl. héldu stúdentar í S-Afríku göngur og fundi og kröfðust þess harðlega af fasistastjórninni, að hún léti lausa stúdentaleiðtogana sem eru í fangelsum.

Þessar aðgerðir svörtu stúdentanna stóðu yfir allan daginn í Jóhannesarborg og einnig voru samskonar aðgerðir í Soweto þar sem mótmælt var einnig handtöku stúdentaleiðtoganna.

Mótmælin beindust gegn fasísku stjórninni og gegn Vorstier forsætisráðherra og gegn menntuninni í skólunum. Lögreglan réðist gegn mótmælendunum með táragas og sigaði á þá hundum. Einnig var skotið á stúdentana og nokkrir voru drepnir og enn fleiri særðir. Þrátt fyrir ofurefli og villimannlegar árásir lögreglunnar börðust stúdentarnir gegn henni og tókst að eyðileggja nokkra lögreglubíla með grjótkasti.
(Byggt á Hsinhua)

Gerist áskrifendur að STÉTTABARÁTTUNNI

Gerist áskrifendur að RAUÐA FÁNANUM

Framhald af forsíðu

Stöðvum flotann

bæta hlut þeirra, sem mest hafa. Kristján er þarna að fara sömu leiðina og toppklíkan VSÍ, þ.e. að krýna sig sem riddara jafnlaunastefnunnar. Og víst mætti með góðum vilja flokka bráðabirgðalög þeirra Matthíasar ráðherra og Kristjáns til jafnlaunastefnu Þeir tóku jú mest af þeim sem meira máttu sín. Sjómenn hafa hins vegar aldrei samþykkt lækkun skiptaprósentunnar, og eru staðráðnir í því, að ná nú aftur því sem af þeim var tekið.

Sú krafa að skiptaprósentan verði hækkuð í það sem hún var er engin"sérkrafa" sem ber að afgreiða með 2,5 % sneið eins og toppklíkan vill. Þetta er krafa allrar verkalýðshreyfingarinnar, að borgarastéttin megi ekki komast upp með að rýra kjör eins takmarkaðs hóps stéttarinnar til frambúðar með gerræðisleg um bráðabirgðalögum.

Forystan má því aldrei skrifa undir samninga sem fela í sér viðurkenningu á þrælalögunum.

Staðan í dag.

Þó svo að því sé haldið fram að lítil hreyfing sé á samningunum er hugsanlegt að hreyfing sé á málunum bak við tjöldin. Allavega má búast við að niðurstöður Þjóðhagsstofnunar og skýrsla um vinnuálag og hollustuhætti um borð í íslensk um fiskiskipum hleypi einhverju lífi í viðræðurnar. Til að styrkja stöðu sína verða samtökin þó að hefja undirbúning verkfallsaðgerða.

Eins og Stéttabaráttan hefur oftlega bent á yrði stöðvun þorskveiða til lítils ábata fyrir sjómenn. Þær leiðir sem vænlegri yrðu eru annað hvort algjör stöðvun loðnu- og síldveiða eða þá að beita kaupskipaflotanum. Ef til verkfalla á kaupskipum kæmi yrði að stöðva skipin strax og þau koma í höfn, hvar sem það yrði, hérlendis eða erlendis. Eins yrði að stöðva öll skip, ef stöðva á síldar-eða loðnu veiðar. Skiptir þá engu hvort útgerðarmaðurinn hefur skráð skipið á einhverja hafnleysu eða hann hefur komið í veg fyrir verkfall á staðnum með tilstyrk trillukarla og uppgjafa sjómanna.

Það eitt að verkfallsundirbúningur sé hafinn þannig að hættan á verkfalli vofi yfir getur þrýst útgerðarmönnum til raunverulegra samningaviðræðna.

Rvk. 2.7.77.



Öreigar og kúgaðar þjóðir heims sameinist!

Stéttabaráttan



Útg: Kommúnistaflokkur Íslands m-l.
25. tbl. 6. árg. 5/7. 1977.

STÉTTABARÁTTAN
-kemur út vikulega-
Sími: 27810.
Gíró: 27810-6.

Ábyrgðarm: Sigurður Ingi Andrésson.

Sigurður Jón Ólafsson
Möðrufelli 15
R.

Vinnuslysum fjölgar stöðugt

Efnahagskreppan í hinum kapitalísku og endurskoðunarsinnuðu löndum, leiðir til aukinnar kúgunar á verkalýðnum. Þetta hefur m.a. fleiri vinnuslys í för með sér. Kreppan eykst, en það eru ekki atvinnurekendur sem borga hana. Til þess að viðhalda gróðanum, velta þeir sífellt þyngri byrðum á herðar verkafólks. Með hagræðingum senda þeir þúsundir verkafólks út í atvinnuleysið, en arðránið eykst því meira á þeim sem eftir eru. Til að spara óþarfa kostnað (að þeirra mati), er öryggisbúnaðurinn vanræktur, ef hann er þá nokkuð fyrir hendi, og sama er að segja um mengunarvarnir.

Atvinnurekendur sem fyrst og fremst hugsa um meiri gróða, hafa ekki svo ýkja miklar áhyggjur af heilsufari, eða lífi og limum verkafólksins. Reyndar finnst víða öryggiseftirlit, en flestir þekkja það aðeins sem nafnið eitt. Þá sjaldan sem það sést á vinnustöðunum, gerir það lítið sem ekkert í málunum. Ágætt dæmi um þetta er t.a.m. Álverið í Straumsvík.

Danmörk

Í Danmörku finnst frægur vinnudómstóll, sem fólk getur kært til þá atvinnurekendur, sem brjóta reglur um mengun og öryggisbúnað. En dómstóllinn er frægur fyrir allt annað en að dæma atvinnurekendur hann er frægur fyrir að dæma verkafólk í svimandi háar fjársektir, fyrir að berjast fyrir rétti sínum t.d. í baráttunni gegn uppsögnum prentara á Berlinske Tidende. En þegar á að dæma kapitalista, eru sektirnar svo lágar að það borgar sig fyrir þá að verða dæmdir, en að lagfæra það sem að er.

Við skulum líta á nokkrar staðreyndir um vinnuslys sem albanska fréttastofan hefur látið frá sér fara.

Bandaríkin

Í Bandaríkjunum sýna opinberar tölur, að á hverjum degi deyja eða limlestast um 300 verkamenn í verksmiðjum og námum. Í námu einni í ríkinu Kentucky hafa undanfarin 6 ár verið skráð yfir 584 tilfelli af alvarlegum vinnuslysum, og hundruð verkamanna hafa látist. Svona er nú draumaríki hægri manna.

Sovétríkin

Sömu sögu er að segja um hið kapítalistíska Rússland. Sókn hinnar nýju borgarastéttar eftir stöðugt meiri gróða hefur leitt til aukningar á vinnuslysum Endurskoðunarsinnuðu fréttastofurnar reyna mikið til þess að fela upplýsingar um þessi mál. En þrátt fyrir það byrtast af og til staðreyndir um aukningu vinnuslysa. Þannig viðurkenndi blaðið "Trud" fyrir nokkru, að í verksmiðjunni Zarja í bænum Dzerznisk, tæki eitt slysið við af öðru. Þannig eru blöðin neydd til að viðurkenna fjölda slysa í landbúnaði, námum, olíuframleiðslunni og allskonar iðnaði.

V-Þýskaland

Í Vestur Þýskalandi deyja um 15 verkamenn daglega, sem afleiðing vinnuslysa. Yfir 2,2 milljónir slysa eru skráð árlega En vegna hræðslu við að missa vinnuna, eru það margir sem tilkynna ekki smá slys. Frá 1950 hafa dauðaslys á vinnustöðum fjórfaldast og atvinnusjúkdómar hafa aukist um 40%.

Ítalía

Í Ítalíu hefur síðan 1950 verið skráð 22600000 tilfelli af vinnuslysum og sjúkdómum, þar af hafa 82557 verkamenn látist og 996000 hafa orðið öryrkjar. Harmleikurinn með eiturútgufunina í Seveso í úthverfi Mílanó, hefur sýnt að líf verkamanna er í stöðugri hættu. Ítalía slær öll met hvað viðvíkur vinnuslysum meðal ungra verkamanna, sem atvinnurekendur neyða til að vinna störf, sem þeir eru alls ekki hæfir til að vinna t.d. vegna skorts á þekkingu á starfinu.

Önnur auðvaldsríki

Ástandið er eins í öðrum kapitalískum ríkjum. Að því er franska blaðið Le Monde segir, þá er í Frakklandi að meðaltali eitt vinnuslys hverja sjöttu sekúndu. Í Belgískum stáliðnaði, leiðir græðgi atvinnurekendanna eftir stöðugt meiri gróða, til dauða verkamanns fjórða hvern dag. Þúsundir svartra verkamanna deyja í suður Afríku vegna slysa og sjúkdóma.

Þó að það sé ekki kreppa á Íslandi í dag, þó að allt blómstri, þá blómstrar líka kúgunin á verkamönnum. Já, hver þekkir ekki dæmi um vinnuslys og atvinnusjúkdóma, þó að ekki fari mikið fyrir tölunum í fjölmiðlunum.

Það er mjög vinsælt að gera þessi mál, að vandamálum einstaklingsins, þar sem óvinurinn er annar einstaklingur. Það er alltaf hægt að segja að viðkomandi verkamaður hefði átt að gera þetta eða hitt, og þannig getur auðvaldið sigað dómstólunum á verkafólk sem krefst réttar síns. En það er eingin sem spyr að því, hversu þreyttur maður er, eða hvernig er með vinnuhraðann. Í staðinn fyrir að grafast fyrir um eðli auðvaldsþjóðfélagsins, eru vandamál þess gerð einstaklingsbundin. Við þekkjum öll auglýsingarnar, sem segja okkur hvernig við hreppum hamingjuna með t.d. einum happadrættismiða. Við þekkjum líka söguna um sendisveininn sem verður að forstjóra. Og á sama hátt er talað um aumingja Jón sem er orðinn útslitinn á miðjum aldri," karlgreyið þoldi þetta ekki ". En staðreyndin er bara sú að það er ekki Jóni að kenna hvernig hann er orðinn það er auðvaldsþjóðfélagið, sem ber alla ábyrgðina. Það er kapitalisminn sem neyðir Jón til að vinna myrkranna á milli, og þræla sér út eins og skepna. Í auðvaldsþjóðfélaginu er það ekki spurning um einn einn einstakan atvinnurekenda, sem býr ekki nógu vel að verkafólkinu. Það er eðli kapitalismans og einkenni borgarastéttarinnar að sækjast stöðugt eftir meiri gróða, og þá er sjaldnast hugsað um heilsu verkafólksins. Þessu verðum við að breyta.

Erni Ólafssyni svarað

Örn Ólafsson skrifar grein í 21. tbl. Stb. þar sem hann ræðst á grein undirritaðs um "Baráttuhreyfinguna gegn heimsvaldastefnu" í 20. tbl. Stb. Ekki er hægt að segja að mikil rökvísi einkenni grein Arnarog hefur honum oft tekist betur upp. En látum það liggja milli hluta svo og gífuryrði hans og makalausa útúrsnúninga sem ekki eru svaraverðir. Hér verða aðeins leiðréttar veigamestu rangfærslur.

Formaðurinn kveður ekkert í lögum Bgh koma í veg fyrir aðild Palestínunefndarinnar. Það eru meðvituð ósannindi. Formaðurinn veit eins vel og ég að Pn.-fulltrúanir settu það sem skilyrði fyrir þátttöku að árásir á PLO í málgagni hreyfingarinnar væru bannaðar. Sem fulltrúi PLO hér á landi getur nefndin hvorki né vill vera útgefandi að málgagni sem veitir rúm fyrir trotskískar áróðursgreinar gegn Arafat og PLO.

Þessi afstaða Pn er ekkert nýmæli í and-heimsvalda sinnuðu baráttunni. Fordæmi er að þessu úr starfi Víetnamnefndarinnar sem lýsti yfir skilyrðis lausum stuðningi við Þjóðfrelsishreyfinguna í Víetnam og hafnaði kröfu Fylkingarinnar um frelsi til gagnrýni og árása á hana í "Samstöðu". Þessi afstaða Víetnamnefndarinnar var mótuð m.a. af Erni Ólafssyni, ef mig misminnir ekki. Nú hefur PLO svipaða stöðu meðal palestínskrar alþýðu og FNL hafði í Vietnam og er því stefnubreyting Arnar og co. eilítið ankanaleg. Af framansögðu má ljóst vera að stofnþing BgH hafnaði þeim reglum sem ríktu í starfi Víetnamnefndarinnar. Það hleypti lausum straumum er hafa það eitt markmið að sundra eindrægu stuðningsstarfi við frelsishreyfingar erlendis. Slíkt er aðeins í þágu heimsvaldastefnunnar.

Rökleikfimi formannsins: M-L istar starfa aðeins með sjálfum sér.

Formaðurinn kemst að þeirri skörpu niðurstöðu að marx-lenínistar geti ekki starfað með neinum nema sjálfum sér ef afstaða mín endurspegli stefnu KFÍ-ml. Við getum ekki barist gegn heimsvaldastefnu USA ef ekki sé jafnframt barist gegn USSR.

Ég hygg að þessi niðurstaða formannsins sé einungis "frumhlaup" en ekki pólitísk sannfæring, svo fjarstæð er hún. Erni er því boðið hérmeð að taka þessi ummæli sín til baka opinberlega í Stéttabaráttunni. Aðeins þannig getur hann reist við það litla sem eftir er af pólitísku mannorði hans.

Formaðurinn veit allveg eins vel og ég að KFÍm-l hefur tekið þátt í fjölmörgum aðgerðum sem beinlínis og eingöngu

Framhald á síðu 2.




















Hvor ber meira úr býtum?

SELDU FJÓRTÁN ÍBÚÐIR Á 6 TÍMUM

„Við höfðum getað selt margar svona blokkir," sagði Agnar Ólafsson, fasteignasali í Fasteignahöllinni, í samtali við DB í gær. Á sex tímum yfir helgina seldi Fasteignahöllin fjórtán íbúðir í smíðum í Árbæjarhverfi. Íbúðirnar voru fyrst auglýstar til sölu á laugardagsmorgun. Agnar sagðist ekki hafa orðið var við peningaskort kaupenda. Tveggja herbergja íbúðir kosta tilbúnar undir tréverk 7.5 milljónir og þær stærstu, fimm herbergja, þrettán milljónir. Um fast verð er að ræða, beðið eftir 2.7 milljón króna húsnæðismálastjórnarláni. Árbæjarhverfið virðist orðið nokkuð gróið hverfi, ef marka má af því að meðal kaupenda eru íbúar í hverfinu sem vilja gjarnan stækka við sig en búa áfram í sama nágrenni. -ÓV.

Góður hásetahlutur:
210 ÞÚSUND EFTIR 10 DAGA

Hólmanesið landaði í gærmorgun á Eskifirði 160 tonnum af blönduðum afla, sem veiddist á Vestfjarðamiðum í tíu daga veiðiferð. Hásetahluturinn eftir þessa tíu daga er 210 þúsund. Regína/abj.

"Fjórtán íbúðir seldust á 6 tímum" sagði í frétt í Dagblaðinu nú nýverið. Stingur þessi frétt óneitanlega í stúf við firnalanga auglýsingadálka fasteignasalanna í dagblöðunum, þar sem sjá má sömu íbúðirnar á skrá í lengri tíma. En þessi frétt er þó alls engin tilviljun, né heldur voru nein sérstök vildarkjör í boði. Fréttin í hinu frjálsa og óháða Dagblaði hefur nefnilega sérstakan tilgang. Henni og samskonar "fréttum" er ætlað að hleypa fjöri í fasteignasöluna og aðra sölustarfssemi frjálsra og óháðra borgara þessa lands.

En það eru fleiri "fréttir" í borgarablöðunum sem hafa ákveðinn tilgang. Í sama blaði var birt frétt um aflahlut háseta á austfirska togaranum Hólmanesi. Þar segir að hásetinn hafi fengið 210 þús. fyr

Framhald á síðu 2.

GERIST ÁSKRIFENDUR
Stéttabaráttan vikublað